



## Uppfærð áætlun Landsbankans um fjármögnun á markaði árið 2017

Landsbankinn birtir hér uppfærða áætlun um fjármögnun á markaði fyrir árið 2017 ásamt útboðsdagatali fyrir regluleg útboð á innlendum markaði. Nánari upplýsingar um fjármögnun Landsbankans á markaði má nálgast á heimasíðu Landsbankans, [www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun](http://www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun).

### SÉRTRYGGÐ SKULDABRÉF

- Áætlað er að gefa út sértryggð skuldabréf fyrir 35-40 ma.kr. á árinu 2017.
- Sex flokkar sértryggðra skuldabréfa eru útistandandi, þrjú óverðtryggðir og þrjú verðtryggðir. Heildarnafnverð flokkanna nemur 72.560 m.kr.

Flokkur	Tegund útgáfu	Lokagjalddagi	Nafnverð (m.kr.)
LBANK CB 17	Óverðtryggð	23.10.2017	3.400
LBANK CB 19	Óverðtryggð	17.9.2019	17.080
LBANK CB 21	Óverðtryggð	30.11.2021	4.680
LBANK CBI 22	Verðtryggð	28.4.2022	20.500
LBANK CBI 24	Verðtryggð	15.11.2024	8.620
LBANK CBI 28	Verðtryggð	4.10.2028	18.280
			72.560

- Útboð sértryggðra skuldabréfa verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland eigi síðar en næsta viðskiptadag á undan fyrirhuguðu útboði.
- Stefnt er að því að halda útboð á sértryggðum skuldabréfum að jafnaði einu sinni í mánuði, háð markaðsaðstæðum hverju sinni.
- Stefnt er að því að útboð bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa fari fram að minnsta kosti ársfjórðungslega.
- Arion banki, Íslandsbanki og Kvika sinna viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af Landsbankanum.
- Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánum í þeim flokkum sem viðskiptavaktin nær til.

### VÍXLAR

- Útboð á víxlum verða að jafnaði haldin einu sinni í hverjum mánuði en bæði verða gefnir út nýir víxlaflokkar auk viðbótarútgáfu þegar útgefinna flokka og verður hver flokkur boðinn til sölu í tvígang, hið minnsta.
- Vixlaútboð verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland eigi síðar en næsta viðskiptadag á undan fyrirhuguðu útboði.
- Sex víxlaflokkar eru útistandandi og nemur heildarnafnverð þeirra 10.720 m.kr.
- Heildarútgáfa víxla á árinu 2017 er óákveðin og ræðst af markaðsaðstæðum.

## ÚTBOÐSDAGATAL

- Í töflunni má sjá fyrirhuguð útboð sértryggðra skuldabréfa og víxla á árinu 2017,

	Sértryggð skuldabréf	Víxlar
Janúar	Vika 2	Vika 1
Febrúar	Vika 7	Vika 4
Mars	Vika 11	Vika 9
Apríl	Vika 14	Vika 15
Maí	Vika 19	Vika 18
Júní	Vika 24	Vika 23
Júlí	Vika 28	Vika 27
Ágúst	Vika 33	Vika 31
September	Vika 37	Vika 36
Október	Vika 41	Vika 40
Nóvember	Vika 46	Vika 45
Desember	Vika 50	Vika 49

## ÖNNUR FJÁRMÖGNUN Á MARKAÐI

- Stefnt er að því að ljúka endurfjármögnun á veðtryggðum skuldabréfum útgefnum í erlendri mynt á árinu 2017.
- Aðrir fjármögnunarkostir á innlendum markaði verða einnig skoðaðir, þ.m.t. útgáfa á óveðtryggðum skuldabréfum í íslenskum krónum, með það að markmiði að breikka fjármögnunargrunn bankans.
- Form, fjárhæðir og tímasetningar slíkra útgáfna eru háðar markaðsaðstæðum hverju sinni.

## FYRIRVARI

Landsbankinn áskilur sér rétt til þess að gera breytingar á útgáfuáætlun ársins 2017 án fyrirvara eða sérstakrar tilkynningar þar um.